

Umhverfisstofnun
Áb. *ABB*
15. jan. 2019
08.14.01
Tilv. *UST201810-251*



Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

UMHVERFIS-OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 21. janúar 2019
Tilv.: UMH18100058/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 17. október 2018, þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá ákvæði 1.2 í gildandi starfsleyfi um rekstur fyrir urðunarstað í Fíflholti á Mýrum. Fram kemur í erindinu að urðunarstaðurinn hafi heimild til að urða allt að 15.000 tonn af úrgangi á ári eins og nánar er tilgreint í starfsleyfi. Fyrirsjáanlegt hafi orðið á árinu að 2018 að farið yrði fram úr því magni. Óskað sé eftir undanþágu til að urða aukið magn úrgangs á meðan beiðni um hugsanlegar breytingar á starfsleyfi er til meðferðar hjá Umhverfisstofnun.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar, með afriti á Heilbrigðisnefnd Vesturlands.


Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 18. desember 2018, kemur fram að rekstraraðili hafi sent inn erindi til stofnunarinnar um breytingu á starfsleyfi og óski eftir að geta urðað meira árlega. Áður en hægt sé að taka ákvörðun um breytingu á starfsleyfi með aukið magn verði slík framkvæmd að fara í málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og sé það ferli hafið. Stofnunin bendi jafnframt á að um áramótin hafi tekið við heimild rekstraraðila til að urða á ný 15.000 tonn á árinu 2019. Komi í ljós í eftirliti á nýju ári að rekstraraðili hafi urðað meira á árinu 2018 en hann hafi haft heimild til verði það skráð sem frávik frá starfsleyfi. Í frekari upplýsingum frá Umhverfisstofnun í tölvupósti frá 15. janúar 2019 komi fram að stofnunin telji ekki þörf á að veita undanþágu fyrir árið 2018 þar sem komið er inn á árið 2019 og rekstraraðili hafi á árinu 2019 heimild til urðunar fyrir 15.000 tonnum af úrgangi samkvæmt starfsleyfi. Stofnunin hafi fengið sent erindi frá rekstraraðila um breytingu á starfsleyfi en aukning umfangs í starfsleyfi þurfi að fara í matsferli hjá Skipulagsstofnun.

Í 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að rekstraraðili skuli tryggja að starfsemi þess sé í samræmi við starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 8. gr. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar sé verið að vinna með málefni rekstraraðila hjá stofnuninni,


annars vegar á vettvangi mengunareftirlits vegna mögulegs fráviks og hins vegar vegna hugsanlegrar breytingar á starfsleyfi. Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar, telur ráðuneytið ekki forsendur til að veita Sorpurðun Vesturlands hf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Fíflholti sem gefið var út 12. júlí 2017. Ráðuneytið áréttar ákvæði 40. gr. laga nr. 7/1998 um að rekstraraðili skuli þegar frávik verða upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Rekstraraðili hefur heimild til urðunar fyrir árið 2019 upp á 15.000 tonn af úrgangi samkvæmt gildandi starfsleyfi. Hafi urðun á árinu 2018 farið fram úr heimildum tekur Umhverfisstofnun á því í næsta eftirliti. Mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar aukningar á magni hefur ekki farið fram og því engar forsendur til að fjalla um undanþágu. Að framansögðu fellst ráðuneytið ekki á að veita umbeðna undanþágu skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Steinunn Elna Eyjólfsdóttir



Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Vesturlands